

Hinn 15. mars sl. tilkynntu bandarísk stjórnvöld að þau hefðu ákveðið að flytja meginhluta þess herliðs og búnaðar, sem er í herstöðinni á Miðnesheiði, frá Íslandi núna í haust. Eftir að þotur og þýrlur hafa verið fluttar burt verður óverulegur liðsaflí eftir hér á landi. Margt er þó enn óljóst varðandi þessi mál að því er varðar uppbyggingu varnar- og öryggisviðbúnaðar eftir að bandaríska herliðið fer og skiptingu kostnaðar af þeirri starfsemi bæði í bráð og lengd.

Varnarliðið hefur haft verulegt vægi í atvinnu og gjaldeyrisöflun þjóðarbúsins. Þetta vægi hefur farið minnkandi en er þó enn nokkurt. Á síðasta ári námu tekjur íslenskra aðila vegna vinnu fyrir varnarliðið rúmum 8 ma.kr. eða 0,8% af landsframleiðslu. Þar af voru laun 3,2 ma.kr., greiðslur til verktaka 1,3 ma.kr. og annað nam 3,6 ma.kr. Íslenskir starfsmenn varnarliðsins eru um 850.

Tekjur Íslendinga af varnarliðinu eru bókfærðar sem útflutningstekjur í þjóðhagsreikningum. Á árinu 2005 námu þessar tekjur 131 milljón dollara og höfðu aukist um 9% í dollurum talið frá árinu 2001. Aukningin endurspeglar gengislækkun Bandaríkjadals á þessum tíma. Í íslenskum krónum voru tekjurnar 30% lægri á árinu 2005 en á árinu 2001. Á árinu 2005 námu tekjur af varnarliðinu 2,3% af útflutningstekjum en í upphafi tíunda áratugarins rúmlega 7%.

Herinn greiðir nú fyrir hluta af nauðsynlegum rekstrarkostnaði Keflavíkurflugvallar. Ef herinn hættir að greiða þennan hluta færir hann yfir á íslenska ríkið, þá sem nota flugvöllinn eða báða aðila. Þýrlur hersins hafa nýst við björgunarstörf hér á landi. Búast má við að nauðsynlegt verði að fjölga þýrlum í flugflota Landhelgisgæslunnar þegar bandarísku þýrlurnar fara.

Mun óljósara er hvað talið verður nauðsynlegt að gera varðandi varnir landsins. Það fer væntanlega eftir því hvernig semst við bandarísk stjórnvöld. Einnig er líklegt að starfsemi sem íslensk stjórnvöld muni sjá um verði byggð upp á lengri tíma. Því er óvíst að mikill kostnaðarauki verði vegna hennar á næstu árum. Hins vegar er ljóst að varnarviðbúnaður er mjög kostnaðarsamur og algengt að ríki verji 1-2% af landsframleiðslu til þessa málaflokks.

Lauslega má áætla að áhrif þess að herinn fari allur fyrir 1. október 2006 yrðu sem hér segir á heilu ári: i) Útflutningstekjur minnka um 8 ma.kr., eða 130 milljónir Bandaríkjadala. ii) Kostnaður íslenskra aðila vegna starfrækslu Keflavíkurflugvallar hækkar um 1,5-2 ma.kr. iii) Ríkisútgjöld munu hækka vegna kaupa á björgunarþýrlum og rekstrar þeirra og iv) Ríkisútgjöld munu hækka vegna uppbyggingar á íslenskum varnarviðbúnaði.

Samdráttur útflutningstekna er nokkuð gefin stærð. Á móti gæti komið fjárstyrkur frá bandarískum stjórnvöldum. Hugsanlega yrði sá styrkur hluti af „aðlögunarferli“ og hyrfi á einhverjum árum.

Um ríkisútgjöldin ríkir meiri óvissa, bæði um fjárhæðir og tímasetningu þeirra, meðal annars vegna hugsanlegrar þátttöku bandarískra stjórnvalda í aðlögunarferlinu. Ólíklegt virðist að umtalsverð uppbygging varnarviðbúnaðar verði á allra næstu árum.

Í þjóðhagsspá bankans er gert ráð fyrir að útflutningstekjur dragist saman um 8 ma.kr. frá og með næsta ári vegna brottfarar hersins. Gert er ráð fyrir að ríkið taki á sig 3 ma.kr. viðbótarkostnað vegna rekstrar Keflavíkurflugvallar og þýrlubjörgunarveita. Þessi kostnaður flokkast sem aukning samneyslu. Þá er gert ráð fyrir 1 ma.kr. aukningu í fjárfestingu hins opinbera í ár og á næsta ári, t.d. vegna kaupa á björgunarþýrlum. Um þessar tölur ríkir vitanlega mikil óvissa en búast má við því að betri mynd fái af áhrifum brottflutningsins á næstu vikum og misserum.

Rammagrein IV-1

Efnahagsleg áhrif af brottfarfi varnarliðsins